

Guðný Zoëga
Kári Gunnarsson

Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar XIII- byggðasögurannsókn



Byggðasafn Skagfirðinga
Rannsóknaskýrslur
2019/225

Forsíðumynd: Horft til norðurs yfir beitarhúsatóft á Húsatóftum í Tungudal.




Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	2
2	Aðferðafræði.....	3
3	Staðir sem rannsakaðir voru 2019	5
3.1	Tunga.....	5
3.1.1	Húsatóftir	5
3.1.2	Völugarður.....	8
3.1.3	Rétt í Stífluvatni.....	9
3.1.4	Garður og tóft í Stífluvatni	9
3.2	Stóra-brekka	10
3.2.1.	Óþekkt, býli?	10
3.3	Hólar.....	11
4	Samantekt	12
5	Heimildir.....	13

1 INNGANGUR

Allt frá árinu 2003 hafa starfsmenn Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga og Byggðasögu Skagafjarðar verið í samstarfi um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði, undir merkjum verkfnisins Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar. Alls hafa yfir 150 staðir verið rannsakaðir með könnunarskurðum og/eða kjarnaborum en þar fyrir utan hafa fjölmargar minjar verið mældar upp. Rannsóknirnar hafa bætt miklu við fyrirliggjandi þekkingu á aldri, gerð og legu elstu byggðaleifa í héraðinu.

Áhersla er lögð á staði sem komið hafa í ljós við vettvangsferðir byggðasöguritara. Oft er þá um að ræða staði sem heimildir nefna en hafa annað hvort týnst eða að fjöldi og gerð minja gefa til kynna eldri og/eða flóknari byggðasögu en ætluð hefur verið. Rannsóknin miðar einnig að því að gera heildstæða könnun á byggðasögu jaðarsvæða svo sem hálendis, eyðidala, eyja og sellanda. Þannig hafa safnast upplýsingar um byggðaleifar sem ólíklegt er að hefðu orðið rannsóknarefni vegna þess hve úrleiðis þær eru. Gagnagrunnur sá sem til verður við rannsóknirnar er vistaður á Byggðasafni Skagfirðinga og útgáfa rannsóknarniðurstaðna á þess ábyrgð en niðurstöðurnar eru einnig birtar í Byggðasögunni.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir staði sem skoðaðar voru 2019.

Það svæði sem nú hefur verið ítarlegast rannsakað eru Fljótin. Bæði vegna þess að meiri tími hefur verið til aflögu við vinnslu bókana sem taka yfir svæðið en einnig hafa fengist góðir styrkir úr Fornminjasjóði og Uppbyggingasjóði Norðurlands vestra til verksins. Heildstæð mynd er því að verða til af aflagðri fornbyggð í Fljótunum, allt frá landnámi fram um 1900, sem vonandi verður grundvöllur ítarlegri rannsókna á svæðinu. Það er því kappsmál að kanna alla staði sem líklegir þykja til að hafa verið mannabústaðir innan tímarammans sem ritun byggðasögunnar tekur yfir en rannsóknirnar 2018 voru unnar að hluta í tengslum við útgáfu níunda bindis, sem á að koma út haustið 2019.

Farnar voru tvær vettvangsferðir sumarið 2019, 24. júní og 10. júlí. Borkjarnar voru teknir á 3 stöðum til að kanna aldur og gerð minja á svokölluðum Húsatóftum í landi Tungu, ónefndu fornþýli í landi Stóra-Hóls og á bæjarstæði býlisins Hóla.

Vettvangsrannsókn, heimildavinna, úrvinnsla og skýrslugerð voru í höndum Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings og starfsmanna Byggðasögunnar Kára Gunnarssonar.

Heimildamönnum og landeigendum eru færðar kærar þakkir fyrir upplýsingar, aðstoð og leyfi til rannsókna.

Rannsóknarnúmer frá Minjastofnun Íslands: 201705-0109

Rannsóknarnúmer frá Þjóðminjasafni Íslands: 2019-0051

2 AÐFERÐAFRÆÐI

Minjar eru mældar upp með Trimble Geo7X staðsetningartæki með um 100cm skekkjumörkum. Hnitakerfið sem stuðst er við er ISN93.

Kjarnabor sem er um 3cm að breidd er notaður til að gera bæði for- og fullnaðarkönnun á minjum. Með borkjörnum má greina hvort um mannvistarleifar er að ræða og, þar sem aðstæður eru góðar, einnig aldur og tegund minjanna. Oftast gefa borkjarnarnir fullnægjandi niðurstöður en annars eru könnunarskurðir teknir. Við rannsókn með kjarnabor er málband lagt þvert yfir tóftir eða garðlög og kjarni tekinn með metra eða tveggja metra millibili. Mismunandi er hversu marga kjarna þarf að taka en reynt er að stilla fjölda þeirra í hóf. Jarðlögin í kjarnanum eru skráð á þar til gert eyðublað, ljósmynduð og hnit tekið á borholunni. Þar sem jarðlög eru glögg og mannvistarlög vel varðveitt má greina þykkt og gerð laga og hvort um er að ræða gólf útihúsa eða mannabústaða. Þar sem gjóskulög eru glögg í jarðvegi má meta aldur minja út frá afstöðu gjósku og mannvistarlaga í kjörnum. Þegar engin mannvist kemur fram í kjörnum eru þeir ekki skráðir sérstaklega en niðurstaðna getið í umfjöllun um minjar.

Könnunarskurðir eru hafðir eins fáir og litlir og unnt er, bæði til að spara tíma og til að hrófla sem minnst við minjunum. Ef komið er niður á flóknar mannvistarleifar er skurðunum lokað án frekari rannsókna. Stundum þarf að taka fleiri en einn skurð til að viðunandi niðurstöður fáið. Jarðlög í skurðarsniðum eru teiknuð upp, þeim lýst og ljósmyndir teknar. Sniðin eru svo hnitsett með Trimble 7XH sem gefur undir metra í skekkju.

Aldur minja er metinn eftir afstöðu gjóskulaga. Þar sem gjóska liggur óhreyfð yfir og/eða undir mannvistarlögum má meta aldur leifanna út frá því. Gjóskulinsur, sem oft finnast í torfi, gefa

einnig hugmynd um það hvenær torf hefur verið tekið og jafnvel vísbendingar um endurbyggingar veggja.

Helstu gjóskulög sem finnast í Skagafirði eru:

H3 – þykkt gulleitt forsögulegt gjóskulag.

Lns – Landnámslagið, grænleitt gjóskulag féll um 870 e.Kr.

Vj~1000 – þunnt blá- eða grænleitt lag úr Vatnajökli sem féll rétt fyrir eða um 1000 e.Kr.

H1104 (H1) – hvítt gjóskulag úr Heklu sem féll 1104 e.Kr. Er nokkuð þykkt og auðgreinanlegt.

H1300 – gráleitt gjóskulag úr Heklu sem féll árið 1300 e.Kr.

H1766 – svart gjóskulag úr Heklu, rétt undir grasrót, féll 1766.

Öll ártöl sem gefin eru upp eru eftir Kristsburð og þess er ekki sérstaklega getið í texta skýrslunnar.

Þar sem fjallað er um minjar í texta eru númer í hornklofum númer minjanna á viðeigandi teikningu minjastaðarins. Jarðlög eru einnig aðgreind með númerum í hornklofum í texta. Á yfirlits-teikningum er aldur minja gefinn til kynna með mismunandi litum. Eldri minjarnar eru dekkri að lit. Staðsetning kjarna er sýnd á ólituðum myndum og eru númer kjarna þá höfð rauð á lit. Hnitaskrá yfir minjar, töflur og teikningar með lýsingu á kjörnum má finna aftast í skýrslu. Gjóska sem liggur á sínum stað er sögð *in situ* í lýsingum á borkjörnum.



Mynd 2. Gjóska í jarðvegssniði. Neðst má sjá þunna hvíta línu sem er Heklugjóska sem féll 1104. 20cm ofan hennar er dökkgrá gjóska H1300. Um 8cm ofan hennar er svart gjóskulína H1766.

Loftmyndir eru mikilvægt greiningartæki við skráningu fornleifa en þær eru oft mismunandi að gæðum og stundum teknar á þeim árstíma eða við aðstæður þar sem minjar sjást illa. Stuðst er við loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem eru í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sumarið 2015 voru í fyrsta sinn teknar myndir af einstaka minjum og minjasvæðum með flygildi. Slík myndataka getur bætt miklu við greiningu minja sem erfitt að fá yfirlit yfir á jörðu niðri. Myndir úr flygildi geta bætt við fleiri sjónarhornum auk þess sem mismunandi birta, gróðurfar og nærmyndir geta betur dregið fram lögun og gerð minja.

3 STAÐIR SEM RANNSAKAÐIR VORU 2019

3.1 TUNGA



Mynd 3. Horft til suðvesturs yfir bæjarstæði Tungu. Tunguáin sem sést hægra megin á mynd hefur valdið miklum usla og er stór hluti heimatúnsins skemmdur af hennar völdum. Stíflulónið hefur einnig sökkt hluta heimatúnsins. Húsatóftir eru innar í Tungudalnum, hægra megin við ána..

Tunga var stórbýli og með hjáleigum sínum, landstærsta jörðin í Holtshreppi og mikil heyskaparjörð. Hennar er fyrst getið í kaupbréfi frá því um 1500. Í Jarðabókinni 1709 er sagt að Tungujörð sé sundur skipt í fimm býli, úr skipt að túnum og engjum en öðrum landsnyttjum óskipt. Tunga var að fornu metin til 60 hundraða með 4 hjáleigum, en sjálf heimajörðin talin 20 hundruð.¹

3.1.1 Húsatóftir

Sumarið 2019 voru skoðaðar minjar á svokölluðum Húsatóftum í landi Tungu í Stíflu. Í örnefnaskrá Tungu (bls. 6) segir: “Sunnan við gilið [sem Húsalækur rennur um] er Húsahryggur. Neðst á honum eru Húsatóftir, leifar af beitarhúsum frá Tungu. Önnur rúst er sunnar og ofar. Tún hefur verið þarna og sést glögggt fyrir túngarði.“ Engar frekari heimildir eru

¹ Byggðasaga Skagafjarðar, 9. bindi, bls. 122-127.



Mynd 4. Horft til suðvesturs yfir Húsatóftir í Tungudal. Fremst á mynd má sjá Húsalæk og vinstra megin við hann næst á mynd leifar beitarhúsa sem liggja ofan á tóftum mannabústaðar og öskuhaugs frá því fyrir 1104. Fyrir miðri mynd er gata inn að Tunguseli. Hægra megin við götuna má sjá leifar annarra beitarhúsa. Hinumegin lækjar hægra megin á mynd eru ójöfnur, eldri tóftir sem tilheyrir hafa bæjarstæðinu. Til suðurs frá þeim má óglögg tákna túngarðinn.


til fyrir býli þarna nema ef vera skyldi að þarna sé um að ræða kot það sem nefnt er Jarlsstaðir í heimild frá 1500, þá sagt hjáleiga frá Tungu.²

3.1.1.1 Rannsókn 2019

Húsatóftir liggja á grösugum harðvellisbala sunnan við svokallaðan Húsalæk um 1,3km inn og suðvestur af bæjarhúsum í Tungu, vestan Tungudalsár. Túnstæði er afmarkað af túngarði sem liggur í boga til suðvesturs á 160m löngum kafla frá læknum, eftir hlíðinni og að gilbrún vestan Tungudalsár. Gilbrúnin norðan árinna afmarkar tún að suðaustanverðu en túngarður liggur í boga til suðvesturs frá Húsalæk að gilbarminum. Túngarðurinn er 150m langur en er ógleggri sunnan til þar sem hann beygir að ánni. Annar garður liggur samsíða 8m ofar og sést á 80m löngum kafla. Hann hefur mögulega verið hlaðinn ofan við til að varna skriðum úr hlíðinni. Túnstæðið er um 150m langt frá norðaustri til suðvesturs og um 70m breitt frá norðvestri til suðausturs. Gata liggur í gegn um túnið og um hlið á túngarðinum vestanverðum.

Tóftir eru á fjórum stöðum innan túns. Elstu og ógleggstu tóftirnar eru nyrst í túni þar sem túngarður mætir bæjarlæk. Erfitt var að gera sér grein fyrir veggjalögun. Tóftir tvennra

² Byggðasaga Skagafjarðar, 9. bindi, 137.



Mynd 5. Yfirlitsteikning af minjum á Húsatóftum í landi Tungu.

beitarhúsa eru á svæðinu. Syðri húsin eru nokkuð stæðileg fjárhús og rétt. Þau liggja norðarlega fyrir miðju túni og virðast liggja ofan á dálítilli upphækkun sem bendir til eldri minja undir. Ekki er ólíklegt að bæjarstæði hafi verið á þessum stað en engin mannvist fannst í kjörnum umhverfis beitarhúsin. Mannvist fannst heldur ekki í túni umhverfis beitarhúsin en þar var rétt um 40cm niður á jökulmöl og virðist túnið hafa verið nokkuð rýrt.

Um 16m suðvestur af syðri beitarhúsunum er tvískipt tóft sem virðist eldri, hún er um 10m löng og snýr upp -niður í brekkunni. Hlutverk er óþekkt en um einhverskonar útihús er að ræða. Á tanga austast í túni, 50m norðaustan stærri beitarhúsanna, eru aðrar beitarhúsatóftir, garðahús með heytóft. Tóftin liggur norðaustur-suðvestur og stendur á nokkurri upphækkun. Borkjarnar sýndu að undir henni voru leifar íveruhúss. Einnig fundust leifar öskuhaugs. Þessar mannvistarleifar eru frá því fyrir og eftir H1104 gjóskuna. Mannvistarlög undir gjóskunni voru rótaðar leifar torfs, kola, móösku og brenndra beina.

Túlkun

Óvíst er hvort að frammi á tanganum er um að ræða leifar íveruhúss eða e.t.v. seltófta en tilvist túngarðsins bendir til að þarna hafi verið föst búseta í einhvern tíma. Býlið hefur verið aflagt löngu áður en 1766 gjóskan féll, líklega þegar á miðöldum.

3.1.2 Völugarður

Forn vörslugarður, svokallaður Völugarður, liggur til norðurs frá Hringshlassi, nyrst á fjallinu Hamarshyrnu, niður að að túni á eyðibýlinu Hring, fyrrum hjáleigu frá Tungu. Garðurinn er um 430m að lengd frá fjalli að túngarði á Hring en þar beygir hann til austurs og liggur á um 50m kafla niður að vatnsbakka.

Garðurinn dregur nafn sitt af tröllkonunni Völu sem sagan segir að hafi ætlað að flytja búferlum neðan úr Holtsdal og fram á Tungudal. Hún lét hlaða Völugarð og flutti búslóð sína eftir honum. Hún dó á leiðinni og er jörðuð í svokallaðri Völupúfu sem liggur ofan garðs á Hringshlassi.³



Mynd 6. Á hægri myndinni má sjá Völugarð þar sem hann liggur upp hlíðina upp frá túngarðs horni á Hring. Túngarðurinn var endurhlaðinn ofan á hluta Völugarðs niður að Stífluvatni. Á vinstri myndinn er horft til suðurs og þar má sjá framhald á garðinum út í Stífluvatnið þegar vatnsstaða var mjög lág að vori.

Þar sem garðurinn lá út í vatnið og í sniði þar sem bílvegur liggur í gegn um garðinn voru snið hreinsuð upp. Í báðum sniðum var einungis hægt að greina torf sem er tekið eftir 1104. Garðurinn er því annað hvort reistur eftir 1104, eða gildaður upp eftir þann tíma. Yngri túngarðsveggur hefur svo verið hlaðinn ofan á garðinn á neðsta hluta hans og svo þar sem hann beygir niður að Stífluvatni. Óvíst er hvort garðurinn hefur verið hlaðinn þvert yfir Stífluna áður en landslag hvarf í Stíflulón. Hinsvegar var einnig mældur upp hluti garðs sem hefur legið frá Völugarði til suðurs og sést á um 310m löngum kafla.



Mynd 7. Hreinsað snið í Völugarði. 1104 gjóskan er ljósa röndin í sniðinu.

³ Byggðasafn Skagfirðinga, 9. bindi. bls. 152-153.

3.1.3 Rétt í Stífluvatni

Þegar fyrri vettvangsferðin var farin í júní, var enn lágt í Stíflulóni og var vatnsbotninn genginn frá túni á Hring og inn í vatnsenda. Um 190m austur af bæjarstaði Tungu og 40m norður af túni á Hring eru leifar ferhyrndrar réttar. Líkt og annarsstaðar í vatninu sést einungis neðsta lag veggja sem hefur verið úr grjóti. Réttin hefur verið 10x12m að innanmáli, hlaðin grjóti á þrjá vegu og mögulega með timburhlið til austurs.



Mynd 8. Leifar réttar sem nú er undir vatnsborði Stífluvatns. Óvíst hvort hefur tilheyrir Tungu eða Hríngs.

3.1.4 Garður og tóft í Stífluvatni



Mynd 9. Leifar af tvískiptri tóft sem hefur legin áföst innan garðs sem hefur legið samsíða Stífluánni á kafla áður en lónið kom til sögunnar.

Völugarður hefur beygt þarna til suðurs. Við garðinn sunnanvert voru svo leifar tvískiptrar tóftar. Tóftin hefur verið hlaðin innan við og hefur verið áföst garðinum. Framhald garðsins til suðurs var ekki glöggð þar sem hann hverfur í grjót í fjöruborði Stífluvatns.

Völugarðurinn sést á um 50m löngum kafla til austurs frá vestari bakka Stífluvatns. Á um 320m löngum kafla inn frá Völugarði liggur svo annað garðlag til suðausturs. Garðurinn er nú einungis einfalt grjótlag, neðsta lagið í vegg sem hefur verið torfhlaðinn. Hann var orðinn slitróttur á köflum þar sem vatnið hefur fært grjót úr stað. Ekki var hægt að sjá hvort garðurinn hefur legið að Völugarði norðanvert eða hvort að



Mynd 10. Horft til norðurs eftir leifum garðs sem nú liggur undir yfirborði Stífluvatns.

3.2 STÓRA-BREKKA




Mynd 11. Yfirlitsmynd af minjum á svokölluðum Syðri-Laugarhóli. Til hægri má sjá yngri stekkjartóft og heytóft. Vinstra megin við miðju myndar má sjá hól sem á er yngri tóft, líklega heytóft, en undir henni og um kring eru leifar eldri, ógreinilegri minja. Ljósmynd. Halldór G. Hálfðánarson.

Býlið Stóra Brekka í Fljótum er fyrst nefnd í heimildum 1449, en þá var jörðin í eign Hólastóls. Hún hefur verið í bændaeign síðan 1802. Hjáleiga frá jörðinni er býlið Minni-Brekka. Ekki er vitað hvenær jörðinni var skipt upp en hún var enn bara kölluð Brekka. Að fornu mati var jörðin talin 30 hundruð með hjáleigunni, en heimajörðin 20 hundruð.⁴

3.2.1. Óþekkt, býli?

Um 700m suðaustur af bænum Stóru-Brekkur, á svokölluðum Syðri-Laugarhóli er tóftasvæði með yngri tóftum og óleggri eldri tóftum sem liggja að hluta til undir yngri tóftunum. Efst á dálítilli upphækkun lágu yngri tóftir, líklega stæðileg heytóft, og voru engin mannvistarlög henni tengd. En í brekkuhalli norðan hennar komu fram leifar rótaðra mannvistarlaga sem

⁴ Byggðasaga Skagafjarðar, 9. bindi, bls. 56-58.



Mynd 12. Yfirlitstekning af minjum á Syðri-Laugarhóli í landi Stóru-Brekku.

bentu til að þar væri öskuhaugur. Koladreif var í kjarna yfir H1104 óhreyfðu en meginhluti mannvistarlaganna lá undir H1104 laginu. Móaska, kol og brennd bein í kjarna benda til íveruhúss en engin óbyggjandi ummerki voru um það á yfirborði og engin gólfög var að finna í heyttóftinni sem liggur ofan á. Ein tóft gæti hafa verið frá elsta byggingaskeiðinu, aflöng tóft austan meints bæjarstæði en aldur fékkst þó ekki á henni. Vestan við heyttóftina er þýft svæði sem gætu verið jarðsokknar tóftir en það varð ekki stafest í kjörnum. Enginn túngarður var sýnilegur sem bent gæti til búsetu.

Túlkun

Einhverskonar mannabústaður bæði fyrir og eftir 1104, en ummerki um búsetu fremur óveruleg. Þarna er síðar nytjasvæði með stekkjum og heyttóftum.

3.3 HÓLAR

Jarðarinnar Hóla er fyrst getið í heimildum 1449 en býlið fór í eyði 1973 og stendur þar nú einungis sumarhús. Áður hafði bærinn staðið um 500m sunnar en 1949 voru hús þar rifin og bæjarstæðið fært. Í nágrenni gamla bæjarstæðisins er fornlegur túngarður og fjöldi gamalla útihúsatófta.⁵

⁵ Byggðasaga Skagafjarðar, 9. bindi, bls. 278-281.

3.3.1.1 Rannsókn 2019

Tilgangur rannsókna sumarið 2019 var að finna elsta bæjarstæði býlisins og voru kjarnar fyrst teknir við fornlegar tóftir ofarlega í túni en þar kom ekki fram nein mannvist. Kjarnar voru teknir á sléttlendi neðan við gamla bæjarhólinn þar sem bærinn stóð fram til 1949. Kjarnarnir sýndu mannvist skammt ofan landnámslagsins, fyrir 1104 og einnig milli 1104 og 1300. Það virðist því augljóst að þar hefur bærinn staðið allt frá upphafi.

Túlkun

Byggð hefur verið á Hólum frá því skömmu eftir landnám.

4 SAMANTEKT

Sumarið 2019 var gerð borkjarnarannsókn í Fljótum í Skagafirði. Aldur var greindur á 3 stöðum á Húsastóftum í landi Tungu, ónefndu býli í landi Stóru-Brekku og á bæjarstæði Hóla (sjá töflu 1). Einnig voru mældar upp minjar sem liggja venjulega undir vatnsborði Stíflulóns.

Tafla 1. Aldur og gerð minja sem skoðaðar voru sumarið 2019.

Tegund minja	Sérheiti	Jörð	Tegund rannsóknar	Aldur
Fornbýli/sel?/beitarhús	Húsatóftir	Tunga	Borkjarnar	Fyrir og eftir 1104, 18.-19. öld
Býli?		Stóra-Brekka	Borkjarnar	Fyrir 1104
Bæjarstæði	Hólar	Hólar	Borkjarnar	Fyrir og eftir 1104 og 1300

Á Húsastóftum var staðfest að þar hefur verið mannabústaður, mögulega býli, fyrir 1104 og einhverskonar búseta eftir það líka. Hinsvegar hefur byggð lagst af snemma á öldum. Þar voru síðar beitarhús.

Á Syðra-Laugarhóli komu í ljós leifar mögulegs býlis en ofan í það höfðu verið byggð heytóft og mögulega stekkur þannig að erfitt er að greina sér fyrir upphaflegu útlit bæjarins. Borkjarnar leiddu þó í ljós að þarna hefur verið einhverskonar mannabústaður fyrir 1104, og einhver ummerki um byggð eftir það.

Á Hólum hefur verið búið frá því skömmu eftir landnám og fram á 20. öld og bættu rannsóknirnar mörgum öldum við þekktu sögu bæjarins sem fyrst er getið á 15. öld.

4.1.1.1 Lokaorð

Með tiltölulega einföldum rannsóknum hefur miklu verið aukið við fyrirliggjandi þekkingu á skagfirskri fornbyggð. Búið er að fylla í sögu einstakra bæja og byggðahluta auk þess sem fjöldi áður óþekkttra og nafnlausra byggðaleifa hefur verið kortlagður. Ljóst er að í Fljótum er óvenju mikið af heillegum búsetumínum, sem að hluta orsakast af því hversu snemma margar

jarðir hafa farið í eyði og stórvirkar vinnuvélar hafa því ekki verið notaðar til að slétta úr túnum, nema að litlum hluta. Einnig kunna snjóþyngsli og veðurfar að spila inn í varðveisluskilyrðin.

Síðasta bindi Byggðasögunnar kom út haustið 2019 og var Holtshreppur tekinn þar fyrir. Sumarið 2019 var því seinasta sumarið sem unnið var við fornleifarannsóknir í tengslum við ritun hennar. Ljóst er er þó að Fljótin bjóða upp á marga spennandi möguleika til frekari og fjölbreyttari rannsókna og er það framtíðarverkefni að byggja ofan á þann grunn sem lagður hefur verið með byggðasögurannsóknunum.

5 HEIMILDIR


Byggðasaga Skagafjarðar 9. bindi. Ritstj. Hjalti Pálsson. Sauðárkrókur: Sögufélag Skagfirðinga, 2019

Óútgefið

Örnefnaskrá Tungu. Páll Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Fylgiskjöl


Tafla 2. Kjarnar sem teknir voru á svokölluðum Húsatóftum í landi Tungu, í Stíflu.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Húsatóftir	11.06.2019	499.466,918	606.504,404	Kjarni tekinn sunnan við beitarhúsatóft á tanga. 0-7cm: grasrót. 7-20cm: lagskipt torf. 20-30cm: rótaður jarðvegur með koladreif og brenndum beinum. 30cm: H1104 in situ. 31-35cm: rótaður jarðvegur með koladreif, móösku og brenndum beinum. 37cm: náttúrulegt
K2	Húsatóftir	11.06.2019	499.465,309	606.506,938	Kjarni tekinn sunnan við beitarhúsatóft á tanga. 0-7cm: grasrót. 3-15cm: fokmold. 15cm: þunn dökk gjóska.
K3	Húsatóftir	11.06.2019	499.479,147	606.513,294	Kjarni tekinn í öskuhól austan beitarhúsa. 0-15cm: óhreyft. 15-45cm: aska, brennd bein, kol en engin gjóska. 45cm: náttúrulegt.
K4	Húsatóftir	11.06.2019	499.478,538	606.512,024	Kjarni tekinn í öskuhól austan beitarhúsa. 0-10cm: grasrót. 10cm: þunn svört gjóska, 1766. 11-29cm: rótaður jarðvegur með kolum. 30cm: H1104 in situ. 31-39cm: jarðvegur með móösku, kolum og brenndum beinum. 49cm: náttúrulegt.
Túlkun: Byggð fyrir og eftir 1104 en aflögð á miðöldum. Beitarhús síðar.					
					

Tafla 3. Kjarnar sem teknir voru í óþekkt býli/mannabústað á Syðri-Laugarhóli í landi Stóru Brekku.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Syðri-Laugarhóll	11.06.2019	499.018,947	614.189,983	Kjarni tekinn í öskuhaug nyrst í tóftahól. 0-10cm: óhreyft. 10-38cm: rótað með koladreif og flekkjum af 1104 og 1300. 39cm: steinn.
K2	Syðri-Laugarhóll	11.06.2019	499.018,815	614.191,967	Kjarni tekinn í öskuhaug nyrst í tóftahól. 0-20cm: óhreyft. 20-31cm: rótaður jarðvegur með línunum af 1104, mögulega in situ. 31-33cm: rótað. 33-38cm: brennd bein og kol. 38cm: óhreyft.
K3	Syðri-Laugarhóll	11.06.2019	499.016,434	614.192,562	Kjarni tekinn í öskuhaug nyrst í tóftahól. 0-10cm: grasrót. 10-20cm: einsleit mold með eilíftilli koladreif. 20cm: H1104 in situ. 21-32cm: rótað með kolum. 32-35cm: kol og brennd bein. 35cm: óhreyft.

Túlkun: Einhverskonar mannabústaður fyrir 1104. Minni ummerki um mannvist eftir þann tíma en þó dálítið af kolum.



Tafla 4. Kjarnar sem teknir voru á bæjarstæði Hóla.

Nr.	Staður	Dags.	Austun	Norðun	Lýsing
K1	Hólar	09.07.2019	499.943	612.782	0-7cm: grasrót. 7-18cm: einsleit mold. 18cm: H1300 in situ. 19-24cm: Lagskipt moldarlög með koladreif. 24cm: H1104 in situ. 25-32cm: Lagskipt mold með smá kolum og móösku. 32cm: óhreyft (LnL?)
K2	Hólar	09.07.2019	499.946	612.777	0-7cm: grasrót. 7-16cm: H1300 in situ. 17-25cm: lagskiptur jarðvegur með kolum móösku og dálitlu af brenndum beinum. 25cm: H1104 in situ. 26-34cm: moldarlög með kolum og móösku. 34cm: óhreyft (LnL?)

Túlkun: Byggð frá því skömmu eftir landnám og fram yfir 1300. Engin mannvist sýnileg ofan 1300 en seinni tíma öskuhaugur lá rétt austan við þar sem kjarninn var tekinn.

